

Stjórnarfundur FFA 24. apríl kl. 19.00.

Mættir voru: Jóna Guðrún, Örn Ævar, Þóra, Katrín, Halldóra og Kristín.

Farið var yfir það sem foreldrafélagið hefur gert á árinu.

- Keyptir stuðningsbolir fyrir Skólahreysti og rúta á keppnina.
- Fyrirlestur með Loga Geirssyni. Fyrirlesturinn heppnaðist vel en hentaði kannski ekki þeim allra yngstu.
- Ég og þú – þú og ég var haldið fyrir 5. – 7. bekk. Kvöldin gengu mjög vel.
- Keypt voru barnblóm fyrir 10. bekk. Þau komu mjög vel út.
- Kynfræðslukynning fyrir 8. – 10. bekk og foreldra þeirra með Sigu Dögg sem heppnaðist með ágætum.
- Skrifuð var grein í Kornid. Megum vera með fleiri myndir í næsta blað. Lífgar upp á greinina og skemmtilegra að lesa.
- Spurning hvort að foreldrafélagið ætti að fjárfesta í myndavél sem einhver sæi um og tæki myndir á uppákomum þannig að allar myndir væru á einum stað. Þá væri einnig auðveldara að hafa uppi á myndum til að setja á facebooksíðu FFA.
- Páskabingóið gekk vel og fengu þeir nemendur í 9. bekk sem tóku þátt í undirbúningi styrk frá FFA.
- 7. bekkurinn fékk styrk fyrir ferðina í skólabúðirnar á Reykjum í Hrutafirði.
- Keyptur var rauður dregill fyrir lokakvöldverð 10. bekkjar og setti hann flottan svip á kvöldið hjá krökkunum.
- Keypt verða buff merkt Akurskóla sem verða til sölu á vordögum.

FFGÍR var með örnámskeið fyrir foreldra og kom það mjög vel út.

Skólaráðið fundaði og ræddi breytingar á skóladagatalinu sem voru samþykktar og einnig var rætt um limmó málin varðandi árshátíð skólans.

Stjórnin ræddi hvort að við ættum að leggja áherslu á að foreldrar bekkja gerðu með sér bekkjarsáttmála. Það er mjög sniðugt og nauðsynlegt að allir foreldrar séu samstíga. Þetta verður samt alltaf erfitt.

Rætt var um bekkjarfulltrúa. Flestir sem hafa gert eitthvað en ekki allir. Hvernig er hægt að virkja alla??

Rætt var um hvort að við ættum að fá Þorgrím Þránínsson fyrir miðstig skólans að ræða um lífið.

FFA ætlar að kaupa sumargjafir fyrir skólann. Hvað vantar? Ætlum að spyrja skólaliða og húsvörð.

Katrín ætlar að skoða gamlar fundargerðir varðandi styrki.

Fundargerð fundar 26. nóv er fundin og hefur verið send skólaritara.

Við ætlum að útbúa könnun um ég og þú – þú og ég.

Spurning um fréttir á facebook síðuna.

FFA ætlar að standa fyrir haustfagnaði næsta haust.

Undirskriftalisti varðandi breytingar á skólalóðinni var afhentur bæjarstjóra og tók hann mjög vel í breytingarnar. Við eigum að pikka í hann ef framkvæmdir verða ekki hafnar um miðjan maí.

Katrín og Kristín hætta í stjórninni fyrir næsta ár.

Aðalfundur FFA verður 22. maí

Næsti stjórnarfundur verður 6. maí kl. 20.00

Fundi slitið 19.52.